Inngangur að útvarpserindi
fluttu 4. nóvember 1932.

1 blað qto.

18.

# Inngangs-orð að útvarpserindi. 4/11-'32

Á kvöldvökunni fyrir nálægt 50 árum, hafði ég það hlutverk í heimahúsum, að „lesa fyrir fólkið". Á daginn sat ég í vefstólnum nyrstnama á milli, en það þótti of hávaðasamt, að slá vefinn, meðan verið var að lesa sögurnar á kvöldin.

Vegna þess, hve langt er síðan ég hefi æft mig í sögulestrinum, verður ~~hann~~ mér stirt um hann í kvöld, en án þess að skýra frá heimildum fyrir því sem ég les, vil ég geta þess, að það er í letur fært og í þann búning, sem það nú birtist í, af „góðfúsum lesara" sjálfum, þótt ekki sé hann höfundurinn.